

Stjórnarsáttmálinn og raforkuframleiðslan

Í sáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflingu Alþingis er fjallað um málefni raforkuframleiðslu í kafla um umhverfis- og auðlindamál.

Þjóðgarður á miðhálandinu

Kveðið er á um að stofnaður verði þjóðgarður á miðhálandinu og skoðaðir möguleikar á þjóðgörðum á öðrum svæðum. Sérstaklega er tekið fram að ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálandið. Þetta er eini staðurinn í sáttmálanum þar sem eru bein fyrirmæli um tilhögun orkumannvirkja.

Hálendi á Íslandi hefur verið skilgreint sem landsvæði sem er hærra en 500 metra yfir sjó. Hálendi er þess vegna víða á landinu. Í sáttmálanum er líklega um innsláttarvillu að ræða og átt við miðhálandið eða jafnvel afmarkaðan hluta þess á Sprengisandi.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að leyfa ætti byggingu loftlínu yfir Sprengisand, en lögð hefur verið fram tillaga að útfærslu sem er lítt áberandi og fellur vel að landslagi. Sprengisandslína er arðsamasta flutningsmannvirki, sem fyrir liggur að reisa á Íslandi í dag, en línun opnar fyrir samrekstur vatnsmiðlana á Þjórsársvæðinu og Háslóns ofan Kárahnjúkavirkjunar (sem nú á vísit að kalla Fljótsdalsvirkjun).

Það vekur furðu að Landsnet skuli ekki hafa meira í frammi af arðsemi við réttlætingu flutningsmannvirkja og enn furðulegra að verkfræðistofur, sem annast hönnun mannvirkjana, skuli einnig að mestu sleppa fjármunarökum í sínum greinargerðum.

Auðlindamál

Í sáttmálanum er ekki fjallað sérstaklega um auðlindagjald. Ætla má að stefnt sé að því að þeir sem nýta orkulindir landsins í sameign þjóðarinnar, muni greiða gjald af þeirri nýtingu. Gjaldstofninn gæti verið með ýmiskonar fyrirkomulagi:

1. Selja vinnsluréttindi sem fyrnanlega eign á sama hátt og kvótaréttindi í sjávarútvegi.
2. Leigja réttindi til orkuvinnslu, en leigan væri þá hluti rekstrarkostnaðar orkufyrirtækjanna.
3. Álagning aðstöðugjalds í formi skattlagningar á orkuframleiðslu eða á söluverð orkunnar.

Kannski væri ástæða til að skoða þann möguleika að eitt borunarfyrirtæki sæi um allar boranir eftir jarðvarma, sem það seldi síðan til orkufyrirtækjanna. Verðið stjórnist af staðsetningu, hitastigi, þrýstingi o.s.frv. Við það mundi innheimta auðlindagjalds færast í ákveðnari farveg.

Í raforkulögum frá 2003 segir í fyrstu grein að það eigi að skapa forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku, með þeim takmörkunum sem nauðsynlegar reynast vegna öryggis raforkuafhendingar og annarra almannahagsmuna.

Landsnet er með á sínu verksviði að koma þessum viðskiptaháttum á, en að liðnum 14 árum hefur þeim hefur ekki enn tekist það ætlunarverk. Það væri ráð að taka afstöðu til framkvæmda raforkulaganna áður en áform um auðlindagjald verða að veruleika.

Vindorkuver

Í sáttmálanum eru kynnt áform um að setja lög um vindorkuver og getur það verið gott og gilt.

Þó er ástæða til að staldra við kynningar Landsvirkjunar á hagkvæmni vindrafstöðva. Þeir byggja álit sitt á tilraunarekstri tveggja stöðva samanlagt að afli $2 \times 0,9 = 1,8$ MW. Þar fékkst fram nýting upp á 44%. Ef hins vegar er tekið tillit til samreksturs við íslenska vatnsorkukerfið fæst aðeins 33% nýting og ekki nema 21% ef samanlagt afl í vindrafstöðvum verður meira en 500 MW. Þetta hefur afgerandi áhrif á hagkvæmni.

Orkustefna

Langtímaorkustefna verður sett á kjörtímabilinu í samráði við alla þingflokka. Í orkustefnu verði byggt á áætlaðri orkuþörf til langs tíma miðað við stefnu stjórnvalda, til að mynda um orkuskipti, og hvernig megi tryggja raforkuframboð fyrir almenning og atvinnulíf. Eigendastefna Landsvirkjunar mun taka mið af orkustefnunni.

Á skeiði ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur 2009-2013 var lögð fram drög að orkustefnu. Nefnd var skipuð og skilaði hún af sér skýrslunni: Orkustefna fyrir Ísland, gefin út á vegum stýrihóps um mótun heildstæðrar orkustefnu 2011-11-03. Hugmyndin var að ná heildaryfirsýn yfir mögulegar orkulindir landsins, aðferðir og tækni við nýtingu þeirra, hugsanleg umhverfisáhrif og sjálfbærni nýtingarinnar ásamt rekstrarlegri og þjóðhagslegri hagkvæmni.

Frá því að niðurstöður voru kynntar og fram á þennan dag hefur skýrslan ekki verið notuð til neins svo mér sé kunnugt um. Ástæður þess eru líklega að skýrslan tók á öllum þáttum orkumála, sem var of víðtæk nálgun. Nær hefði verið að halda sig bara við raforkumálin sem eru lang mikilvægasti þáttur orkumála hér á landi. Aðrir þættir ættu þá heima í annarri nefnd.

Rammaáætlun

Í sáttmálanum er sérstök áhersla lögð á að koma sem flestum virkjunarkostum í verndarflokk rammaáætlunar, að því er virðist til að koma í veg fyrir að þeir lendi í nýtingar- eða biðflokki.

Skipar stjórnin sér þar með í hóp öfgafullra náttúruverndarsinna sem setja sig upp á móti öllum hugmyndum um nýjar virkjanir hvað svo sem þær heita og að þannig fái náttúran að njóta vafans, jafnvel þó það verði á kostnað annarra lífsgilda.

Sæstrengur til Bretlands.

Ekki er minnst á sæstrenginn í sáttmálanum.